

Kennari	María Albína Tryggvadóttir (maria@vma.is)	Sk.st.	MAL
----------------	---	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um mikilvægi góðra samskipta milli manna. Fjallað er um mikilvægi samkenndar, jafnréttis, mannvirðingar og mannréttinda í samskiptum. Farið er í eflandi samskipti sem byggja á virðingu og fordómaleysi á jafnréttisgrundvelli. Fjallað er um áhrif ólíkra menningarheima og tjáskiptareglna á mótun samskipta einstaklinga, hópa og þjóða. Farið er í áhrif sjálfsmyndar og sjálfsstrausts á samskipti og hvað heilbrigðisstarfsmenn þurfa að hafa í huga í samskiptum við skjólstæðinga, samstarfsfólk og aðstandendur.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi góðra samskipta
- mikilvægi eflandi samskipta, sem byggja á virðingu, samkennd, fordómaleysi og jafnrétti
- áhrifum ólíkra menningarheima á samskipti
- áhrifum sjálfsmyndar og sjálfskilnings á samskipti
- aðstæðum sem geta haft áhrif á samskipti
- hvernig heilbrigðisstarfsmenn geta notað samskipti á árangursríkan hátt

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- setja sig í spor annarra í samskiptum
- sýna samkennd, virðingu og fordómaleysi í samskiptum
- nota samskiptareglur og viðtalstækni á áhrifaríkan hátt í samskiptum
- læra af eigin samskiptum og annarra

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- eiga góð samskipti við annað fólk án tillits til stöðu, aldurs eða þjóðernis
- eiga farsæl samskipti við skjólstæðinga og samstarfsfólk í starfi
- leysa samskiptaerfiðleika af þekkingu og virðingu fyrir sjónarmiðum allra hlutaðeigandi

Námsgögn: á kennsluvef áfangans.

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Samskipti - SASK2SS05
Fjarnám
Námsáætlun haustönn, 2021



Tímabil	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi
Fyrri lota	Sjálfsstyrking, sjálfstraust Tilfinningar Ákveðni og óákveðni Tvöföld skilaboð, þú og ég boð Virk hlustun. Líkamstjáning, tjáskipti án orða, áhrif orðavals í samskiptum Hugmyndir okkar um annað fólk Fordómar og sjúkdómar	Vikuleg verkefni Heimildaverkefni Myndbandsverkefni -samskiptaform	10% 15% 10 %
Seinni lota	Er hjúkrun samskiptastarf? Samskiptakennning- eflandi og niðurbrjóttandi samskiptahættir Samskipti við fólk af erlendum uppruna í íslensku heilbrigðiskerfi Nánd í samskiptum Að ræða „erfið“ mál við skjólstæðinga Vinnustaðurinn :Að efla sjálfan sig í samskiptum. Samskipta- og viðtalsækni, myndbandsverkefni	Vikuleg verkefni Myndbands verkefni eða podcast/viðtals þáttur	10% 15%

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Heimildaverkefni	Unnið er með samskiptaefni (t.d. samkennd, jafnrétti, mannréttindi, mannvirðingu) út frá heimildum eða gerður útdráttur úr bók um samskipti		15 %
Verkefni	Vikuleg verkefni á kennsluvef.		20 %
2 skapandi verkefni	Sýna samskiptaform á myndbandi		10%
	Upptaka af samskiptum eða podcast/viðtalsþáttur		15 %
Lokapróf	Í annarlok		40 %
	Samtals:		100%

Annað: Til að ljúka áfanganum þarf að ná 4 í lokaprófinu og skila myndbandsverkefnunum. Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á námsáætlun.

Dagsetning: 5.9'21

Mania A. In.
Undirritun kennara

Inga B. Ólafsd
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils